

Hin yfirvofandi heims- styrjöld

og ætlunarverk íslenskrar þjóðar

I.

Öllum má vera ljóst, að heimsstyrjöld er yfirvofandi, en flestum líklega áhugamál að henni yrði afstýrt, og raunar öllum, ef menn vissu nógu vel um afleiðingarnar. En þær myndu verða, fyrst og fremst, að lokið væri framsókn og forustu hins hvíta mannkyns. Nokkurt náttúrufræðilegt yfirlit gæti gert auðveldara fyrir um skilning á þessum efnum. Vjer lifum á þeirri aðaljarðöld er við tók af hinu svonefndu krítaröld, er miljónum ára saman höfðu lifað hjer á jörðu ýmskonar heldur ótrúleg ferlíki er töldust til skriðdýrauna. Jarðöflin æstust, og allskonar byltingar og breytingar urðu þess valdandi, að skriðdýrajötnarnir liðu undir lok, en spendýrin tóku að eflast. En þó vita menn nú, að einnig þeim er mikið farið að hnigna, og margar stórmerkilegar spendýrategundir gersamlega liðn.

ar undir lok. Og það sem mestu skiftir, það er þegar augljóst, að mannkynið mun, áður á löngu líður, fara sömu leið, ef ekki tekst að finna einhver ráð til að bjarga því. Menn eru nú farnir að sjá fram á, hversu mjög líður að því, að ýmsum hinum helstu hvítum þjóðum, sem svo mjög hafði fjölgað síðustu 150 árin, eða svo, fari nú að fækka. Hins hefi jeg hvergi orðið þess var, að menn geri sjer nægilega ljóst hversu ískyggilegt það er, að hið hvíta mannkyn stendur hinum mannættunum til muna að baki um lífsþrótt. Svartir menn geta gert stórum betur en jafnvel heimsmethafar hvíttra manna á hinum miklu íþróttamótum, og það þarf ekki að efa, að fæstum hvítum mönnum þyrfti að bjóða það sem japanskir hermenn hafa nógu sterkar taugar til að vinna og þola.

II.

Það er sjerstaklega eftirtektarvert, að ekki hefir altaf þannig verið. Sú var tíðin, að hvítir menn voru í broddi all, mannkyns bæði um líkamlegt atgervi og andlegt. Það er ástæða til að ætla, að hvergi hjer á jörðu hafi verið til þeir menn sem gætu leikið eftir íþróttaafrek þau sem unnin voru á Olympíumótunum, meðan grísk menning stóð með mestum blóma. Og seinna, þegar Grikkjum og Rómverjum hafði hnignað, má telja víst, að hvergi á jörðinni hafi verið það fólk er að atgervi líkams og sálar, tæki fram hinum fornu Norðurlandabúum, og má telja til þess margar líkur, að þar hafi Íslendingar um eitt skeið verið fremstir. En svo dettur myrkr-ið á, í byrjun 14. aldarinnar. Og þó að nokkur viðreisn hafi orðið, einkum síðustu hundrað árin, þá er það ekki svo að dugi til fulls, enda stefnir bersýnilega að því, að einnig Norðurlandabjóðunum hætti að fjölga.

III.

Þúkydides hjét sá maður, sem í einu af frægustu söguritum fornaldarinnar hefir lýst 30 ára stríðinu gríska, þar sem áttust við Apenumenn og Spartverjar og bandamenn þeirra. En eftir þá styrjöld rjetti grísk menning aldrei alveg við, og Róm varð það stórveldi sem Apenuborg var vel á veg komin til þess að verða,

og gátu þó Rómverjar enganveginn að fullu bætt upp hrun hinnar grísku menningar. Er það fróðleg saga, sem ekki skal þó farið frekar út í hjer.

Eftir því sem Þúkydides segist frá, er líkast því sem náttúran hafi umhverfst meðan Grikkir voru með þessari styrjöld að gera enda á mannkynsforustu (frh. á bls. 55)

(Framh. af bls. 51) sinni. Aldrei höfðu í mannaminum þar í löndum verið aðrir eins jarðskjálftar, aldrei eins tíðir sólmyrkvar: þurkar slíkir sem ekki voru dæmi til áður, leiddu til uppskerubrests svo að fólkið hrundi niður úr hungri, og ofan á alt þetta bættist svo drepsóttin mikla í Apenuborg. Það sem þarf að skiljast betur en áður, er hið nána samband ótíðinda þessara við styrjöldina, og að athæfi mannanna hefir og getur haft miklu meiri áhrif á náttúruna heldur en haldið hefir verið. Sólmyrkvarnir sem Þúkydides telur um, munu ekki allir hafa verið stjörnufræðilegs eðlis, heldur staðið í sambandi við hina miklu þurka og líklega eldgos. Öskufallið við eldgos getur eins og kunnugt er, gert hádaginn dimmari en svörtustu nótt.

IV.

Óskóp slík sem Þúkydides segir frá gerðu vart við sig í heimsstyrjöldinni síðustu og eftir hana, og fleiri miljónir ljettu lífið í drep-sóttum heim sem fylgdu í farhennar, en fyrir hinum svo stórkostlega fullkomnuðu morðtólum miljónaherjanna. Ástæða er til að minna á hina einstæðu og skaðvænu þurka, sem Björgúlfur Ólafsson læknir segir svo vel frá í hinni merkilegu bók sinni um Malajalöndin. Það er óhætt að segja það fyrir með vissu, að ef hin yfirvofandi heimsstyrjöld skellur á, munu allar afleiðingar verða jafuvel margfalt verri en af síðasta ófriði, og eftir hana mundu koma enn aðrar, uns allri viðreisnarvon væri lokið.

V.

Mjög fróðlegt er að veita því eftirtekt, að á jarðstjörnum Helstefnummar (Dysexelixis), þar sem framvinduuni er miklu lengra komið en á vorri jörð, og þó umfram alt í öllu því er til herskapar heyrir, þá fer þannig, er andstæðingunum lýstur saman í hinni síðustu og ógurlegustu „heimsstyrjöld“, að jarðöflin æsast svo við, að hnötturinn verður með öllu ó-

byggilegur. Þetta getum vjer vel skilið af tveimur mjög merkilegum trúarritum, er nefnast Opinberun Jóhannesar og Völuspá. Því að sá er sannleikurinn sem þar býr undir og Snorri á við er hann segir að Surtr slyngur eldi yfir jörðina og brennir allan heim. Svo stórkostlegar mundu nú ekki afleiðingarnar verða af því að Helstefnunni yrði haldið hjer á jörðu, en þó þær, að sögn mannkynsins muudi brátt lokið verða og þá fyrst hins hvíta mannkyns. Þó mætti þessu enn við bjarga og hjálpin koma þaðan sem síst þætti líklegt. Því að svo er jafnan, þar sem Helstefnan ræður, að þar er sannleikurinn minst metinn, og þá umfram alt, sannleikurinn í þessum efnum. Svo mikill er sljóleikinn, svo svart myrkrið, svo ótrúlegur níðingsskapurinn, að jafuvel heim, sem þó hefir sjeð fyrir, að bjargað muni verða, finst á stundum nálega óhugsandi annað en að Helstefnan muni sigrinum ráða.

VI.

Það er frá Íslandi sem hjálpin á að koma, frá þjóðinni þar sem svo mörgum góðum mönnum, sem nú einmitt voru að reyna til að greiða fyrir því á ýmsan hátt, að tilganginum yrði náð með byggingu Íslands, hefir verið ólifandi, eða því sem næst. En látið nú endi verða á sljóleikanum. Látið yður verða það næga hjálp til að sigrast á þjóðræknisskorti yðar. að ágætur maður útlendur, Adam Rutherford, heldur því fram, með krafti göfugrar sannfæringar, að frá Íslandi komi það ljós, sem lýsa muni öllu mannkyni til blessunar.

Mánuðum saman hefir, að heita má, hvert leiðindaslysið rekið hjerannað, á landi og sjó. Og þó er það, sem orðið er, aðeins undanfari ennþá miklu verri tíðinda, ef Ísland heldur áfram að vera land hinna blindu. Það væri svo auðvelt, ef aðeins sannleikurinn er að verðleikum metinn, að gera land vort að skemtilegasta landinu á jörðinni, landinu þar sem

ekki gengi „marægt verr en varir“, eins og fornkvæðið er, heldur færi flest betur en með líkindum hefði þótt, landinn þar sem verða mundi vaxtarbroddur mannkynsins eins og forðum, og þó miklu betur en fyr. Látið sljóleikanum ljetta svo fljótt, að heimurinn fái á hinn miklu sýningu í New York að vita, eigi einungis, að frá Íslandi hefir fundin verið hin mikla Vesturílfá, heldur hefir einnig á því landi verið fundinn sá sannleikur, sem leiða mun til nýs og betra lífs fyrir mannkynið alt.

9. febrúar.

Helgi Pjeturss.

Det b. Mbl. '39